

REGLUR

um vistarverur áhafna fiskiskipa,
öryggi og aðbúnað í vinnu- og vinnslurýmum.

Efnisyfirlit

1. Almenn ákvæði
 - 1.1. Skilgreiningar
 - 1.2. Gildissvið
 - 1.3. Teikningar
 - 1.4. Geymsla varnings
2. Vistarverur
 - 2.1. Almenn
 - 2.2. Viðhald og hreingerningar
 - 2.3. Gerð vistarvera
 - 2.4. Hurðir og brunavörn
 - 2.5. Meindýr
 - 2.6. Gangar og útgönguleiðir
 - 2.7. Merkingar
 - 2.8. Einangrun
3. Lýsing
 - 3.1. Almenn
 - 3.2. Neyðarlýsing
4. Loftræsting
 - 4.1. Almenn
 - 4.2. Loftræsting við eðlilegan súg
 - 4.3. Vélræn loftræsting
 - 4.4. Loftkæling
5. Upphitun
 - 5.1. Almenn
6. Fyrirkomulag vistarvera
 - 6.1. Fjöldi manna í klefum
 - 6.2. Stærð svefnklefa
 - 6.3. Hvíkur
 - 6.4. Innréttingar og annar búnaður
 - 6.5. Borðsalir
 - 6.6. Eldhús og matargeymslur
 - 6.7. Salerni og snyrting
 - 6.8. Sjúkraklefar

7. Vinnslurými vinnsluskipa

7.1. Almennt

7.2. Snyrting og salerni

7.3. Lestar

7.4. Lyftur

8. Tóbaksreykingar

8.1. Almennt

9. Undanþágur, refsingar o.fl.

9.1. Almennt

9.2. Gildistaka

1. Almenn ákvæði1.1. *Skilgreiningar.*

1.1.1 Skilgreiningar á orðum sem notuð eru í reglum:

Fiskiskip: Skip, sem notað er til að veiða fisk, hval, sel, rostung eða aðrar lífrænar auðlindir hafsins, þ.m.t. hafrannsóknaskip.

Yfirmenn: Skipstjóri, yfirstýrimaður, undirstýrimaður, yfirvélstjóri, undirvélstjóri og loftskeytamaður.

Undirmenn: Skipverjar aðrir en yfirmenn.

Stærð skips: Lengd (L) skal vera 96% af mestu lengd í vatnslínu við 85% af minnstu dýpt, mældri frá kjöllínu, eða lengdin frá fremri brún á stefni í miðju stýrisáss, í sömu vatnslínu ef sú lengd er lengri.

Viðurkenning: Viðurkenning Siglingamálastofnunar ríkisins.

Vistarverur: Til vistarvera teljast svefnklefar, matsalir, setustofur, eldhús, aðgerðaklefar, sjúkraklefar, stigar og gangar í og að vistarverum, þ.m.t. neyðarútgangar, baðklefar, salerni og stakkageymslur.

Vinnslurými: Öll lokuð rými sem notuð eru til að verka, vinna og frysta fiskafurðir eða aðrar lífrænar auðlindir hafsins.

Nýtt skip: Skip, sem hafin er smíði á eftir gildistöku þessara reglna.

Gamalt skip: Skip sem er ekki nýtt.

1.2. *Gildissvið.*

1.2.1 Reglurnar gilda fyrir öll ný fiskiskip 20 m og lengri, eftir því sem getið er um í einstökum greinum. Á fiskiskipum styttri en 20 m skulu reglurnar gilda, að svo miklu leyti, sem við verður komið, án þess að notagildi skipsins sé skert til baka. Einnig gilda reglurnar fyrir gömul fiskiskip, sem keypt eru til landsins eftir gildistöku reglnanna eftir því sem hönnun þeirra leyfir.

1.2.2 Reglurnar gilda fyrir gömul fiskiskip þar sem vistarverum er breytt eða þær endurbýggðar, eftir því sem við verður komið.

1.2.3 Reglurnar gilda fyrir öll vinnslurými, sem sett eru upp eftir gildistöku reglnanna.

1.2.4 Siglingamálastofnun getur krafist breytinga eða lagfæringa á vistarverum og vinnslurými, komi í ljós, að þau uppfylla ekki kröfur þessara reglna, þannig að öryggi manna

sé stefnt í hættu eða ástandið sé heilsuspillandi. Siglingamálastofnun getur leitað sérfræðiálits, ef ástæða þykir til, s.s. Fiskistofu um rými sem hana varðar.

1.3. *Teikningar.*

1.3.1 Fyrir öll ný fiskiskip og gömul skip, sem þessar reglur ná til, skal leggja inn til samþykktar hjá Siglingamálastofnun ríkisins eftirtaldar teikningar:

- Aðalfyrirkomulag, hliðarmynd og þilför.
- Fyrirkomulag vistarvera og vinnslurýma í a.m.k. mælikvarðanum 1:25. Teikningin skal sýna stærð rýma, ganga, útgönguleiða og breidd þeirra svo og neyðarútganga og nauðsynlegar sniðteikningar. Stærð rýma, skv. gr. 6.2, skal svo færa inn á teikninguna.
- Teikning af loftræstikerfi ásamt tæknilegum upplýsingum, þar sem tilgreind eru loftskipti, kæli- og hitageta og rakastýring.
- Teikning af rafkerfi, sem sýnir lagnir og staðsetningu ljósa, rofa, neyðarlýsingu ásamt efnislista rafbúnaðar.
- Teikning af brunaviðvörðunarkerfi, sem sýnir staðsetningu skynjara, handboða, viðvörðunarljóðgjafa ásamt efnislista.
- Teikning af hitakerfi ásamt efnislista, hitagetu/afköst.
- Teikning af vatns- og frárennislögnum ásamt efnislista.

Allar framangreindar teikningar skulu berast Siglingamálastofnun í þremur eintökum það tímanlega, að athugun á þeim geti farið fram áður en verklegar framkvæmdir hefjast.

1.3.2 Ef kvörtun eða kæra berst til Siglingamálastofnunar ríkisins um að vistarverum eða vinnslurými sé áfátt, skal stofnunin gera viðeigandi ráðstafanir.

1.4. *Geymsla varnings.*

1.4.1 Í svefnklefum, setustofum, matsölum, sjúkra- og aðgerðaklefum má ekki geyma eitruð, eldfim eða lyktandi efni.

1.4.2 Í svefnklefum og sérklefum skipverja má ekki koma fyrir vörum eða vistum, sem eru ekki í eigu skipverja. Þó er heimilt að hafa sérstakt rými undir skipsbúnað, sem er tengt vistarverum, valdi það ekki óþægindum í vistarverunum, þó ekki efni, sem eru talin upp í 1.4.1.

2. **Vistarverur**

2.1. *Almennt.*

2.1.1 Vistarverum og aðgangi að þeim skal þannig fyrir komið að tryggð sé vörn gegn sjó og veðri jafnframt skal einangrun vera næg til að halda megi jöfnu hita- og rakstigi. Vistarverur skulu þannig staðsettar, að ekki verði í þeim óþægilegur hávaði og að ekki berist í þær reykur eða gufur frá öðrum rýmum eða tækjum.

2.1.2 Vistarverur mega aldrei vera fyrir framan stafnþil eða lóðlínu ofan þess. Ekki skulu vera op inn í svefnklefa og matsali frá lest, vélarúmi, sameiginlegu salerni, þvotta- og baðklefum, þurrklefum eða geymslum fyrir vistir. Ef frá sama gangi er gengið inn í svefnklefa og vélarúm, skal hurðin í dyrunum að vélarúminu vera úr stáli eða öðru óbrennanlegu efni. Dyrnar skulu vera sjálflokandi.

- 2.1.3 Á skipum skal vera hæfilega stórt og vel loftræst rými utan íbúða, en innangengt frá þeim til að geyma og þurrka vinnufatnað.
Á milli vistarvera og fiskvinnslurýmis skal vera rými, til að geyma og þurrka vinnufatnað þeirra starfsmanna, sem þar vinna. Heimilt er, að þetta rými sé sameiginlegt stakkageymslu.
- 2.2. *Viðhald og hreingerningar.*
- 2.2.1 Vistarverum og búnaði skal halda vel hreinum og í góðu ástandi. Siglingamálastofnun getur mælst til, að hreingert verði telji hún það nauðsynlegt.
- 2.2.2 Þiljur, loft og búnaður vistarvera skal vera málaður eða gerður úr efni sem auðvelt er að halda hreinu.
- 2.2.3 Á innfluttum skipum, sem eru ekki nýsmíði, skal hreingera allar vistarverur og vinnslurými áður en skipið er tekið í notkun.
- 2.3. *Gerð vistarvera.*
- 2.3.1 Útveggir vistarvera, svo og þil milli svefnklefa og sameiginlegra salerna, þvottaklefa, vélarúms, lestarrýma, vistargeymslna og þurrkherbergja, skulu gerðir úr stáli eða öðru hentugu efni og vera vatnsheld.
- 2.3.2 Stálþilfar og stálþil í vistarverum, sem jafnframt mynda þak eða hlið í olíugeymi, skulu klædd a.m.k. 0,04 m óbrennanlegu efni. Í vistarverum mega ekki vera mannop eða önnur op inn í olíugeyma.
- 2.3.3 Afgasrör, rör fyrir keðjur svo og önnur rör, sem liggja í eða um vistarverur skulu vera af viðurkenndri gerð, eftir því sem við á. Rörin skal einangra eftir því sem við á.
- 2.3.4 Gólf í vistarverum skulu vera úr heppilegu efni og vera með yfirborð, sem er rakapétt og sem auðvelt er að halda hreinu. Skil milli gólfs og veggja skulu vera þannig, að ekki myndist þar rifur, sem óhreinindi geta safnast í. Gólf í salernum, snyrtiklefum, eldhúsum og matvælageymslum skulu vera flísalögð eða úr sambærilegu, rakapéttu efni og skal gólfefnið ná a.m.k. 0,10 m upp á vegg rýmisins. Samskeyti veggs og gólfefnis skulu vera vatnsheld og þola vatnsaustur svo og þau efni, sem notuð eru við hreinsun, eftir því sem við á. Sérstök frárennsli skulu vera frá gólfum salerna, snyrtiklefa eldhúsa og matvælageymslna, svo og hæfileg frárennsli frá öðrum vistarverum.
- 2.4. *Hurðir og brunavörn.*
- 2.4.1 Allar hurðir í dyrum að vistarverum og vinnslusvæðum skulu vera af viðurkenndri gerð, eftir því sem við á, og vera eldraustar í samræmi við skilrúmin, sem dynnar eru á. Dyrum að svefnklefum skal vera hægt að læsa.
- 2.4.2 Veggir, þil og hurðir vistarvera skulu, gerð úr eldþolnu efni, í samræmi við töflur 1 og 2 í 7. reglu V. kafla Torremolinos um byggingatæknilega brunavörn.

2.5. *Meindýr.*

2.5.1 Gera skal nauðsynlegar ráðstafanir til að meindýr og skordýr komist ekki inn í vistarverur.

2.6. *Gangar og útgönguleiðir.*

2.6.1 Gangar, sem liggja um vistarverum, skulu vera a.m.k. 0,90 m breiðir, mælt milli þilja. Heimilt er að staðsetja skápa fyrir slökkvibúnað, stokka fyrir lagnir og miðstöðvar á gangi. Þó má gangur aldrei verða þrengri en 0,60 m. Heimilt er að hafa 0,60 m breið innskot, sem að jafnaði eru ekki notuð nema af tveimur mönnum. Enginn búnaður skal vera á þilum og innskotið ekki lengra en einn metri og enginn búnaður nær innskotum en 0,60 m. Gangur eða hluti gangs, þaðan sem aðeins einn neyðarútgangur er, skal ekki vera lengri en 7 m. Allir gangar og stigar skulu búnir handriðum eða handföngum. Handrið og handföng skulu, eftir því sem við verður komið, vera til beggja handa.

2.6.2 Á öllum þilförum, þar sem vistarverur og vinnu- eða vinnslurými eru, skulu vera a.m.k. tveir útgangar, staðsettir svo langt frá hvor öðrum sem unnt er og teljast þeir jafnframt vera neyðarútgangar. Annar útgangurinn má vera venjuleg útgönguleið, en hinn neyðarútgangur út í gegnum dyr eða lúgu, sem hefur ekki minna op en 0,60 x 0,60 m.

2.6.3 Þar sem ekki er unnt að hafa lúgu eða dyr, er heimilt að neyðarútgangur sé út í gegnum kýrauga eða glugga, enda sé minnsta þvermál opsins ekki minna en 0,45 x 0,60 m eða 0,60 m í þvermál.

2.6.4 Í og við neyðarútganga, skal setja nauðsynleg þrep, handrið og handföng til að auðvelda notkun þeirra. Óheimilt er að setja hespur eða hengilása fyrir dyr eða lúgur sem eru hluti neyðarútganga.

2.6.5 Dyr, lúgur, gluggar eða kýraugu, sem eru hluti af neyðarútgangi, skal vera hægt að opna innan frá, án þess að nota lykla eða verkfæri. Utan frá skal vera hægt að opna fyrrnefndar dyr og lúgur, þó er heimilt að geyma handföng eða sambærilegan búnað á aðgengilegum stað, t.d. í brú.

2.6.6 Ef aðgangur að neyðarútgangi er í gegnum annað rými, t.d. klefa eða stýrisvélarúm, skal ekki vera hægt að læsa dyrunum að þeim nema í dyrunum sé neyðarspjald eða sambærilegur búnaður.

2.6.7 Neyðarútgöngum skal þannig fyrir komið, að eldur á einu þilfari hindri ekki útgöngu frá öðrum.

2.6.8 Tvær útgönguleiðir skulu vera frá fjarskiptaklefa, sem hefur ekki beinan útgang út á opið þilfar.

2.7. *Merkingar.*

2.7.1 Á göngum, og þar sem gangar mætast, skulu vera viðurkennd merki, sem vísa stystu útgönguleið út úr rýminu. Hurðir á útgönguleiðum skulu vera merktar, eftir því sem við á, „útgangur“ og „neyðarútgangur“. Merkin skulu vera í 1,50 til 1,80 m hæð frá gólfi og af viðurkenndri gerð.

2.7.2 Við innganga í allar vistarverur skulu vera merki, sem segja til um til hvers klefi eða rými er notað. Svefnklefar skulu merktir og hvílur tölusettar.

2.7.3 Þar sem tóbaksreykingar eru óheimilar skal gefa það til kynna með merkingum.

2.8. *Einangrun.*

- 2.8.1 Síður, útpil og þilför vistarvera allra skipa skulu vera hæfilega einangruð með viðurkenndu efni, eftir því sem við á. Einangrun vistarvera skal ekki vera minni en sem svarar einangrunarstuðlinum K-0,75. Einangrunin skal vera vel frágengin og fest, þannig að ekki myndist slagi.
- 2.8.2 Í tréskipum skal gæta þess, að næg loftræsting sé milli banda, klæðningar og bita. Þil milli vistarvera og vélarúms eða lesta skulu vera hæfilega einangruð. Allar hitalagnir, sem liggja í gegnum vistarverur, skal verja og einangra tryggilega.
- 2.8.3 Gera skal ráðstafanir til að draga úr hávaða í vistarverum og á vinnusvæðum, í samræmi við reglur M3 um hávaðamörk í íslenskum skipum, sjá Stjórnartíðindi B, nr. 179/1985.

3. **Lýsing**

3.1. *Almennt.*

- 3.1.1 Lýsing í vistarverum áhafnar, svo og í vinnu- og vinnslurýmum skal ávallt vera næg. Í rýmum, þar sem aðstæður leyfa, skulu vera gluggar en jafnframt raflýsing. Við útreikning á meðaltalslýsingu í klefa og rými skal telja með öll rafmagnsljós, sem venjulega eru í notkun. Þegar mæling á lýsingu er gerð, skal byrgja alla glugga, loka dyrum o.s.frv. Mælingar skulu gerðar í eins metra hæð yfir gólfi. Í klefum skulu gerðar fimm mælingar, ein í miðju og ein í hverju horni klefans og til viðbótar skal mæla lýsingu yfir borðum og hvílum. Í öðrum rýmum, göngum, vinnu- og vinnslurýmum skulu mælingar gerðar yfir vinnuborðum, færiböndum, gangbrautum, gönguleiðum, við stjórnþaki og annars staðar, þar sem þurfa þykir.
- 3.1.2 Kröfunum um nauðsynlega lýsingu er talið fullnægt, þegar eftirtalin atriði eru uppfyllt:
- Meðallýsing í hverri vistarveru skal vera 150 lux. Í svefnklefum og dagstofum skulu ennfremur vera vegglampar eða borðlampar, þannig að breyta megi lýsingu. Við hverja hvílu skal vera leslampi með a.m.k. 100 lux lýsingu í eðlilegri fjarlægð frá lampanum. Vinnuljós yfir hvílu í sjúkraklefa skal hafa a.m.k. 200 lux lýsingu.
 - Á skrifborðum skal lýsing vera a.m.k. 300 lux og á borðum í borðsal a.m.k. 200 lux.
 - Í baðklefum og á salernum skal lýsing vera a.m.k. 100 lux og við snyrtispegila a.m.k. 150 lux.
 - Á göngum skal lýsing vera a.m.k. 50 lux, en í stigagöngum og forstofum a.m.k. 100 lux.
 - Í eldhúsi skal lýsing vera a.m.k. 200 lux, yfir eldavélum, vinnuborðum og uppþvottaadstöðu skal vera a.m.k. 400 lux lýsingu.
 - Í matvælageymslum skal lýsing vera a.m.k. 100 lux en a.m.k. 200 lux yfir vinnuborðum.
 - Í vinnslu- og vinnurýmum skal lýsing vera a.m.k. 200 lux. Yfir vinnuborðum og færiböndum við stjórnþaki skal lýsing vera a.m.k. 400 lux.
- 3.2. *Neyðarlýsing.*
- 3.2.1 Neyðarlýsing vistarvera, vinnu- og vinnslurýma skal vera skv. reglum um raforku og raflagnir, gr. 6.2.

4. Loftræsting

4.1. *Almennt.*

- 4.1.1 Vinnu- og vinnslurými og allar vistarverur skal búa loftræstingu þannig, að fullnægjandi loftendurnýjun geti átt sér stað við öll skilyrði. Loftræstiop skal staðsetja þannig, að ekki myndist óþægilegur súgur fyrir þá, sem í klefa eða rými eru. Opin mega ekki vera rétt við eða beint yfir hvílu í klefum. Loftræstiop skulu vera stillanleg. Vinnslurými, vinnurými og rými þar sem eldfim, ertandi eða illa lyktandi efni eru geymd skal loftræsa sérstaklega. Þar sem tókaksreykingar eru leyfðar, skal vera fullnægjandi loftræsting með útsogi.
- 4.1.2 Aðstreymis- og frástreymislagnir skulu vera það stórar að lofthraði í þeim verði ekki meiri en 6 m/sek.
- 4.1.3 Loftræstikerfið skal vera stillanlegt í hverju rými.
- 4.1.4 Frástreymi úr vistarveru má vera um ganga eða beint út í ferskt loft.
- 4.1.5 Endurnýting á allt að 50% af frástreymislofti er heimil, að því tilskildu að salerni, baðklefar, vinnu- og vinnslurými séu með aðskildar lagnir.
- 4.1.6 Skip sem ætluð eru til fiskveiða eða ferða sunnan 48° norðlægrar breiddar skulu búin bæði vélrænni og óvélrænni loftræstingu.

4.2. *Loftræsting við eðlilegan súg.*

- 4.2.1 Í skipum með óvélræna loftræstingu skal þverskurðarflatarmál aðstreymis- og frástreymislagna ekki vera minna en 0,075 m² fyrir hvern mann sem rýmið er ætlað. Þó skal þverskurðarflatarmál loftræstilagnar vistarveru aldrei vera minna en 0,03 m².
- 4.2.2 Í skipum með óvélræna loftræstingu má frástreymisloft vistarvera fara í gegnum loftop í hurð eða þili út á gang, þaðan sem loftið berst út. Í lögnum óvélrænnar loftræstingar skal gæta þess, að loftstokkar séu sem stystir og beygjur á þeim eins litlar og frekast er unnt. Reynist loftræstingin vera ófullnægjandi skal bæta úr því.

4.3. *Vélræn loftræsting.*

- 4.3.1 Í skipum lengri en 30 m skal vera vélræn loftræsting í vistarverum, vinnu- og vinnslurýmum. Loftræstikerfið skal vera það afkastamikið að loftskipti verði a.m.k. 6 sinnum á klst. í hverju rými. Á vinnu- og vinnslurýmum, baðklefum og salernum, hverju um sig, skal vera sérloftræsting með frástreymislögn út í ferskt loft.
- 4.3.2 Á skipum 45 m og lengri skal afkastageta vélræns frástreymis frá baðklefa og salerni vera sem svarar 10 loftskiptum á klst. Mismunur aðstreymis og frástreymis má koma inn um loftrifu neðan hurðar eða um sérstaka loftrás.
- 4.3.3 Yfir eldavél í eldhúsi skal vera raka-/gufugleypir með sérstakri vélrænni sog-/frástreymislögn út í ferskt loft.

4.4. *Loftkæling.*

- 4.4.1 Skip 45 m og lengri sem stunda fiskveiðar sunnan 40°/48° norðlægrar breiddar skulu búin loftkælibúnaði í vistarverum, vinnurýmum svo og í fjarskiptaklefa, stýrishúsi og stjórnklefa vélarúms.

- 4.4.2 Loftkælibúnaður má vera í einni eða fleiri einingum og skal þannig gerður, að við lofthitastig +35°C og 70% rakastig sé hægt að halda hitanum innan dyra +29°C og rakastigi 50%. Endurnýta má 50% af frástreymislofti.
- 4.4.3 Kælibúnað og loftkæla skal jafnframt gera þannig að halda megi +24°C og 50% rakastigi innan dyra þegar hiti utan dyra er +28°C og 80% rakastig. Þessum gildum skal ná við skilyrði um loftskipti, sjá gr. 4.3.1 og endurnýtingu lofts, sjá gr. 4.1.5.
- 4.4.4 Loftkælibúnaður skal búinn hæfilegum síum og hlífum við loftinntök með tilliti til aðstæðna og þess gætt, að búnaðurinn valdi ekki truflandi hávaða eða titringi.
- 4.4.5 Viðeigandi verkfæri og varahlutir fyrir loftkælibúnaðinn skulu vera tiltækir til að tryggja hæfni búnaðarins við stöðuga notkun, þegar aðstæður krefjast þess.

5. Upphitun

5.1. Almenn.

- 5.1.1 Í öllum skipum skal vera búnaður til að hita upp vistarverur. Hitunarbúnaður skal ávallt vera virkur meðan áhöfn býr eða vinnur um borð. Hitunargeta skal vera næg til að halda +22°C í vistarveru þegar hitastiga utan dyra er + 15 °C .
- 5.1.2 Óheimilt er að nota olíuofna, færanlega ofna, olíukyntar eldavélar og olíukynta katla í vistarverum.
- 5.1.3 Ofna og annan hitunarbúnað skal staðsetja sem fjærst útgönguleiðum og byrgja hann og verja þannig, að hvorki stafi af honum eldhætta né annars konar hætta eða óþægindi.

6. Fyrirkomulag vistarvera

6.1. Fjöldi manna í klefum.

- 6.1.1 Á skipum sem eru 24 metrar og styttri skulu yfirmenn vera í eins eða tveggja manna klefa, sé þess kostur. Aðrir skipverjar skulu aldrei vera fleiri í klefa en sex.
- 6.1.2 Á skipum sem eru 24 metrar og lengri skulu yfirmenn vera í eins manns klefa eftir því sem við verðum komið. Aðrir í áhöfninni skulu vera í tveggja manna klefa, verði því við komið, þó aldrei fleiri en fjórir menn í sama klefa. Varanleg merking skal vera yfir dyrum svefnklefa, sem tilgreini fjölda manna í klefa og stöðuheiti mannanna.

6.2. Stærð svefnklefa.

- 6.2.1 Við mælingu gólfplatar skal undanskilja gólfplöt undir hvílum, skápum, varanlega festum húsgögnum og óreglulega lagaða gólfleti, sem ekki nýtast. Gólfletir undir borðum og sætum reiknast með við mælingu. Mæld fjarlægð frá rúmstokk að gagnstæðum vegg skal a.m.k. vera 0,6 m.
- 6.2.2 Í svefnklefum skal lágmarksflatarmál gólfs fyrir hvern mann vera, sem hér segir: Skip styttri en 24 metrar 0,75 m². Skip 24 metrar og lengri 1,00 m². Í eins manns klefa skal gólfplötur aukinn um 50%.
- 6.2.3 Hæð til lofts mæld frá gólfleti að neðri brún loftbita skal ekki vera minni en 1,98 m í svefnklefum og öðrum vistarverum.

6.3. Hvílur.

- 6.3.1 Sérhver skipverji skal hafa sína eigin hvílu. Aðkoma að hvílu skal vera frá hlið. Innmál hvíla á skipum skal vera a.m.k. 1,98 x 0,68 m. Þó eru á skipum styttri en 24

metrar heimilaðar hvílur 1,98 x 0,58 m. Heimilt er að hvílur séu mjórri í annan endann.

- 6.3.2 Hvílur mega ekki vera nær gólfi en 30 sm og ekki mega vera nema tvær hvílur í hæð. Efri hvílan skal staðsett u.þ.b. mitt á milli hvílubotns í neðri hvílu og neðri brúnar loftklæðningar. Jafnframt skal hvílubotn efri hvílu vera rykþéttur.
- 6.3.3 Hvíla skal vera búin góðri dýnu með veri utan um. Hvíla skal vera með hæfilegum hvílustokk og/eða sambærilegum búnaði fyrir mann að skorða sig af.
- 6.3.4 Þar sem því verður við komið, skulu hvílur ekki vera við súð.

6.4. *Innréttingar og annar búnaður.*

6.4.1 Í svefnklefum skal vera eftirfarandi:

- Einn læsanlegur fataskápur fyrir hvern íbúa klefans, lágmarksinnanmál skápsins skal vera: hæð 1,8 m, dýpt 0,55 m og breidd 0,33 m. Í skápnum skal vera hilla, stöng og snagar til að hengja upp fatnað.
- Læsanleg skúffa a.m.k. 0,06 m³ að stærð fyrir hvern íbúa klefans svo og lítill skápur/skúffur fyrir snyrtiáhöld.
- Í hverjum svefnklefa skal vera bókahilla.
- Borð og þægileg sæti fyrir íbúa klefans.
- Spegill, handlaug með heitu og köldu vatni og vatnslás á frárennsli. Ef sérstakur snyrtiklefi fylgir svefnklefa má spegill og skápur fyrir snyrtiáhöld ásamt handlaug vera staðsett þar. Við spegil skal vera innstunga fyrir rafmagnsrakvél.

6.4.2 Gluggatjöld skulu vera fyrir gluggum svefnklefa svo og hvílum þar sem tveir eða fleiri eru í klefa.

6.5. *Borðsalir.*

- 6.5.1 Þar sem fleiri en fjórir menn eru í áhöfn skal vera sérstakur borðsalur, þar sem öll áhöfnin getur matast samtímis.
- 6.5.2 Borðpláss (rými við borð) fyrir hvern mann skal vera sem næst 0,24 m² (a.m.k. 0,6 x 0,4 m), og fyrirkomulag þannig að vel sé aðgengilegt. Bak skal vera á stólum og bekkjum í borðsal.
- 6.5.3 Innréttingar í borðsal skulu vera úr efni með áferð sem auðvelt er að þrifa.
- 6.5.4 Í borðsal eða eldhúsi skal vera skápur fyrir borðbúnað og mataráhöld. Uppþvottur skal fara fram í eldhúsi eða þar sem sérstök aðstaða er til þess.
- 6.5.5 Á skipum, sem hafa sérstakan mann til að annast matseld og á skipum með sérstakan borðsal, skal allur borðbúnaður, mataráhöld og áhöld til matargerðar tilheyra útbúnaði skipsins.
- 6.5.6 Borðsalur og eldhús skulu staðsett svo nærri hvort öðru, sem unnt er. Gólfflötur borðsalar skipa, sem hafa ekki setustofu skal vera a.m.k 1,0 m² fyrir hvern mann í áhöfn.
- 6.5.7 Í skipum, þar sem ekki er sérstakur borðsalur, er í sérstökum tilvikum heimilt að leyfa sambyggðan svefn- og matsal.
- 6.5.8 Í skipum 45 m og lengri skal vera setustofa fyrir áhöfnina. Ef borðsalur og setustofa eru sambyggð skal gólfflötur rýmisins vera a.m.k. 2 m² fyrir sérhvern, sem rýmið er ætlað.
- 6.5.9 Í setustofu skulu vera borð og þægilegir stólar, bókahillur, útvarp, sjónvarp.

6.6. *Eldhús og matargeymslur.*

6.6.1 Í skipum lengri en 20 metrar skal vera sérstakt og hæfilega stórt eldhús. Eldhúsið skal búið eldavél eða sambærilegum búnaði til að elda og steikja mat, ásamt nægum áhöldum til matargerðar, svo og kæliskáp og nauðsynlegum hillum, skápum og borðum. Í eldhúsi skulu vera tveir eða tvöfaldur stálvaskur með rennandi vatni og aðstaða til að þvo upp.

6.6.2 Í öllum skipum skal vera sérstakt rými til að geyma matvæli. Á skipum lengri en 15 metrar skal vera sérstakur vel loftræstur klefi með hillum og búnaði til að geyma matvæli við lágt hitastig.

6.7. *Salerni og snyrting.*

6.7.1 Í öllum skipum 8 metrar og lengri skulu vera salerni svo og handlaug.

6.7.2 Salerni og snyrtiklefar skulu vera hæfilega stórir. Athafnarými framan salernisskálur skal ekki vera minna en 0,4 x 0,6 m. Á salerni eða aðliggjandi snyrtiklefa skal vera handlaug með rennandi vatni. Í snyrtiklefa eða sérstökum nálægum klefa skal vera steypibað með heitu og köldu vatni, ef fleiri en fjórir eru í áhöfn skipsins. Eitt steypibað skal vera fyrir hverja átta menn sem eru á skipinu. Við salerni, í baðklefum svo og í snyrtiklefum, þar sem þess er þörf, skulu vera handföng eða handrið. Skolkerfi og frárennsli skal vel frágengið og það skal vera virkt við eðlilegar aðstæður á farsviði skipsins.

6.7.3 Í skipum 24 metrar og lengri skal, fyrir þá af áhöfninni, sem hafa ekki sérsalerni, snyrtiklefa eða bað við svefnklefa, vera eftirfarandi salernis- og snyrtiaðstaða í vistarverum:

- Ein baðaðstaða fyrir hverja átta menn.
- Eitt salerni fyrir hverja sex menn.
- Ein handlaug fyrir hverja fjóra menn.

Á skipum lengri en 45 metrar skal að auki vera salerni, sem næst stjórnþalli.

6.8. *Sjúkraklefi - almennt.*

6.8.1 Í skipum 45 metrar og lengri skal vera sérstakur sjúkraklefi. Klefinn skal búinn einu rúmi, ef skipverjar eru 20 eða færri en tveimur ef skipverjar eru 21 eða fleiri. Klefinn skal búinn hæfilegum búnaði og viðeigandi hirlsum. Í skipi, þar sem allir skipverjar hafa sérsvefnklefa, ásamt salerni og snyrtingu með baði, er heimilt að hafa aðgerðarklefa í stað sjúkraklefa, án tillits til fjölda í áhöfn.

6.8.2 Sjúkraklefi/aðgerðarklefi skal staðsettur þar sem óþægindi af hávaða og titringi eru í lágmarki og þar sem bestar aðstæður eru til að annast sjúkling.

6.8.3 Auðveldur aðgangur skal vera að sjúkraklefa frá opnu þilfari. Breidd allra dyra frá opnu þilfari að sjúkraklefa skal vera a.m.k. 0,75 m, þannig að aðgengilegt sé að fara með sjúkrabörur í og úr klefanum.

6.8.4 Sjúkrarúm skal vera aðgengilegt á þrjá vegu, þ.e. að báðum hliðum og öðrum hvorum gaflinum. Við hvert rúm skal vera búnaður til að hringja á hjálp, svo og raftengill fyrir aukaljós eða annan búnað.

6.8.5 Við sjúkraklefa skal vera snyrting með salernisskál, handlaug og baðkeri, sem sé ekki styttra en 1,50 m.

Aðgerðarklefi skal búinn einu rúmi á sama hátt og sjúkraklefi svo og handlaug og aðgangi að salerni.

6.8.6 Gólfflötur.

Sjúkraklefi/aðgerðaklefi skal vera a.m.k. 6,5 m² að meðtöldu flatarmáli rúms. Gólf skal vera auðvelt að þrifa.

6.8.7 Sjúkraklefa/aðgerðarklefa skal merkja með skýrum stöfum.

7. Vinnslurými vinnsluskipa.

7.1. Almenn.

7.1.1 Verkunar- og vinnslurými að meðtöldu frysti-/hraðfrystirými skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:

7.1.2 Sérstakur búnaður skal vera til að dæla burt úrgangi eða fiskafurðum, sem ekki verða nýttar fyrir borð, í sérstök geymslurými eða geyma eftir því sem þörf krefur og heimilt er.

7.1.3 Við tæki, færibönd og hreyfanlegan búnað skulu á vinnusvæðum og við gönguleiðir vera handföng, handrið og hlífar þannig að fyllsta öryggis þeirra, sem starfa þar eða eiga þar leið um, sé gætt. Aðalgönguleiðir skulu vera 0,50 m breiðar en aðrar ekki mjórri en 0,45 m breiðar.

7.1.4 Neyðarstöðvun skal vera við/á öllum tækjum og tilheyrandi færiböndum og búnaði. Einnig skal vera neyðarstöðvun á hæfilega mörgum stjórnstöðvum, þar sem stöðva má alla vinnslulínuna.

7.1.5 Þar sem nota þarf stiga til að komast milli verkunar-, vinnslu- og geymslurýma, skulu þeir vera fastir með þrepum og handriði/öryggisgrind. Verði því við komið, skulu stigar vera með halla enn ekki lóðréttir.

7.1.6 Dælubúnaður skal vera fyrir drykkjarhæft vatn, sem skilgreint er í tilskipun EB-ráðsins nr. 80/778 frá 15. júlí 1980, eða hreinan sjó. Inntak fyrir sjó skal staðsett þannig að ekki sé hætt á mengun af frárennsli, úrgangi eða kælivatni frá vélum.

- Gólf skulu vera stöm, auðvelt skal vera að þrifa þau og sóttþreinsa, jafnframt skulu þau búin öruggu frárennsli fyrir vatn. Frárennsli skulu vera nægilega rúm og þannig búin, að þau geti ekki stíflast af fiskúrgangi og að vatn renni hindrunarlaust úr rýminu.

- Veggir og loft skal vera auðvelt að þrifa.

- Allar þrýstivökvalagnir skulu þannig búnar eða þær varðar, að sem minnst hætt sé á leka eða skaða.

- Loftræsting skal vera næg og rakaeyðing þar sem þörf krefur.

- Lýsing skal vera næg (sbr. 3.1.2, 7 lið í upptalningu).

7.2. Snyrting og salerni vinnslurýma.

7.2.1 Við vinnslurými skal vera snyrting með einu salerni og einni þvagskál í lokuðu rými fyrir hverja 12 menn sem vinna í rýminu. Á snyrtingunni skulu vera tvær handlaugar fyrir hverja 12 menn. Fjöldi búningsklefa, handlauga og salerna skal vera hæfilegur. Salernisdýr mega ekki opnast beint út að verkunar- og vinnslurýmum eða geymslum. Við handlaugar skal vera búnaður til að þvo og þurrka hendur, þannig að hreinlætiskröfum sé fullnægt. Í vinnsluskipum mega kranar handlauga ekki vera handstýrðir.

7.2.2 Heimilt er að snyrting vinnslurýmis sé staðsett í eða við vinnufata/stakkageymslu

7.3. *Lestar.*

7.3.1 Lestar fyrir fisk skulu þannig gerðar og frá þeim gengið, að auðvelt sé að þrifa þær.

7.3.2 Allar lestarstoðir og lestarborð skulu vera í samræmi við reglur um smíði og búnað íslenskra skipa hluta H, III. kafla, 18. gr.

7.3.3 Í hverri lest skal vera einn útgangur með föstum þrepum og handriðum. Lágmarksstærð útgönguleiðar er 0,60 x 0,60 m eða 0,80 m í þvermálið, ef um hringlaga op er að ræða.

7.3.4 Í hverri lest 9 metra langri og lengri skal vera til viðbótar aðalútgangi neyðarútgangur. Í gömlum skipum er heimilt að annar stiginn sé laus.

7.3.5 Allar uppgöngur úr lest skulu hafa fastan stiga. Þar sem stiginn er nær eða alveg lóðrettur skal hann hafa stuðningsgrind 2 m frá fyrsta uppstigi stiga.

7.3.6 Í frystilestum og við útganga úr lestum skal vera neyðarlýsing.

7.3.7 Allar dyr og lúgur í útgönguleiðum lesta skulu þannig gerðar að hægt sé að opna þær bæði utan frá og innan.

7.3.8 Í frystilestum skal og vera aðvörunarhnappur til að láta vita ef maður er í lestinni. Hnappur þessi skal staðsettur við aðalútgang.

7.4. *Lyftur.*

7.4.1 Í skipum sem eru búin lyftum milli fiskivinnslurýmis og lestar skal útgangur úr lest vera sem næst lyftunni.

7.4.2 Lyftur milli lestar og fiskvinnslurýmis skulu vera í lokuðum rýmum, með lokunar-búnaði, þannig að ekki verði komist í lyftuna eða rýmið nema frá því þilfari sem lyftan er stödd á hverju sinni. Ekki skal vera hægt að setja lyftu á hreyfingu nema lyftudyrnar sé lokaðar. Þröskuldshæð lyftuops á vinnsluþilfari skal ekki vera minni en 0,38 m á þilfari vinnslurýmis. Stjórnrofar á lyftum skulu vera utan við lyftuopið, bæði á vinnsluþilfari og í lest. Þar skal einnig koma fyrir neyðarstöðvunum og bjöllum.

7.4.3 Ef lyftan er einnig notuð til flutninga á fólki, skal hún einnig búin sams konar stjórnrofum og eru utan á lyftuhúsinu.

7.4.4 Í gömlum skipum er Siglingamálastofnun í sérstökum tilvikum, heimilt að leyfa lyftur sem eru ekki í lokuðu rými. Skal þá karmhæð í vinnslurými ekki vera minni en 0,38 m og skal vera handrið kringum opið og því þannig komið fyrir að ekki verði komist inn á lyftusvæðið nema lyftan sé uppi. Gerist þess þörf skal lyftugólfið einangrað og pakkningar búnar hitaþræði til að hindra að lyftan frjósi föst.

8. Tóbaksreykingar

8.1. *Almennt.*

8.1.1 Vinni skipverji einn á vinnustað í skipinu getur hann ákveðið, hvort reykt sé þar, en taka skal tillit til þeirra sem þangað eiga erindi. Í vinnurými þar sem tveir eða fleiri vinna eru tóbaksreykingar óheimilar, nema skv. samkomulagi skipverja og skal þannig frá málum gengið að reykingar valdi þeim, sem reykja ekki, ekki óþægindum. Reykingar má leyfa á salernum enda sé fullnægjandi loftræsting þar með útsogi.

8.1.2 Í matsal og setustofu má heimila reykingar á sérstökum svæðum skv. samkomulagi skipverja. Þar sem því verður við komið skal skipta matsal og setustofu þannig, að annars vegar séu reykingar leyfðar og hins vegar ekki. Á reykisvæði skal vera skylt að

koma fyrir búnaði, sem sagnar út reyk eða ganga á annan hátt þannig frá málum að reykur berist ekki yfir á reyklausu svæðið. Hvorki má reykja við matargerð né í nánd við óvarin matvæli, sbr. 5. mgr., 10. gr. heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990 með síðari breytingum.

- 8.1.3 Þar sem tveir eða fleiri búa saman í svefnklefa eru reykingar óheimilar, nema með samkomulagi allra, sem þar búa. Reykingar í hvílum eru ávallt bannaðar.
- 8.1.4 Að öðru leyti en um getur í 8.1.1-8.1.3 fer um reykingar um borð í skipum skv. samkomulagi skipverja.
- 8.1.5 Ágreining, sem upp kann að koma um framkvæmd þessara reglna, skal leitast við að leysa um borð í skipinu með viðræðum skipstjóra og þeirra skipverja, sem í hlut eiga. Telji skipverji að reglur þessar séu brotnar og ekki hafi náðst að leysa ágreining í samræmi við ákvæði 1. mgr. getur viðkomandi kært það til trúnaðarmanns á viðkomandi skipi. Sætti skipverji sig ekki við úrlausn skv. 2. mgr. getur hann skotið málinu til Siglingamálastofnunar ríkisins.

9. Undanþágur, refsingar o.fl.

9.1. *Almennt.*

- 9.1.1 Siglingamálastofnun getur leyft frávik frá ákvæðum þessara reglna, þegar aðstæður um borð í einstaka skipi réttlætir það.
- 9.1.2 Varðandi brot á reglum þessum skal farið skv. V. og VII. kafla laga nr. 35. 30 apríl 1993. Um ákvæði 8. gr. fer skv. lögum nr. 74/1984 þó með tilliti til gr. 8.1.5
- 9.1.3 Eintak af reglum þessum skal vera í hverju skipi og aðgengilegt öllum um borð.

9.2. *Gildistaka.*

- 9.2.1 Reglur þessar sem settar eru samkvæmt lögum nr. 35. 30. apríl 1993 um eftirlit með skipum með síðari breytingum staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi ákvæði eftirgreindra reglna varðandi skip sem eru 20 metrar eða lengri:
- Reglur um vinnuöryggi á fiskiskipum stærri en 15 metrar, nr. 413/1988.
 - Reglur um vistarverur áhafna fiskiskipa, nr. 50/1979.

Samgönguráðuneytið, 23. janúar 1995.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá nr. 557/1991 fyrir hundahald í Hafnarfirði.

1. gr.

1. gr. gjaldskrár nr. 557/1991 fyrir hundahald í Hafnarfirði hljóði svo:

Árlegt gjald til að halda hund í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar, sbr. b lið 2. gr. samþykktar nr. 515/1991 um hundahald í Hafnarfirði skal vera kr. 10.000.

Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 1. febrúar ár hvert.